
SKÝRSLUR

FASTANEFNDA

ÁRIÐ 2021

Tækninefnd hópfimleika

Tækninefnd áhaldafimleika karla

Tækninefnd áhaldafimleika kvenna

Tækninefnd hópímleika

Í tækninefnd í hópímleikum fyrir starfsárið 2021-2022 sátu eftirfarandi einstaklingar:

- Ágústa Dan Árnadóttir
- Aníta Þorgerður Tryggvadóttir
- Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir, formaður
- Erika Dorielle Sigurðardóttir, Stökkfimi
- Nína Þöll Birkisdóttir, Stökkfimi
- Ragnar Magnús Þorsteinsson
- Tanja Birgisdóttir
- Una Brá Jónsdóttir

Verkefni nefndarinnar voru mörg á þessu starfsári og verkefnaálagið var mikið. Covid spilaði þar stóran þátt, þar sem mörg mót voru felld niður, endurskipulögð, flutt um helgar (jafnvel oft en einu sinni) o.s.frv. Þó nokkur óvissa ríkti í kringum nýjar evrópskar keppnisreglur og útfærslu á þeim á Íslandi eftir áramót. Þrátt fyrir allt voru þónokkur tíðindi í mótahaldi, Evrópumót ársins 2020 fór loksins fram í desember, Mótarið var haldið í fyrsta skiptið og Norðurlandamót unglunga var haldið í Danmörku í apríl en úrtakan fyrir mótið var erfitt ferli þar sem mikið af erfiðum ákvörðunum voru teknar vegna vandræða tengdum Covid. Mikið var um undanþágubeiðnir, eitthvað var um samþykktir á þreföldum heljarstökkum og dómaramál, mönnum og dómaraskipulög tóku mikið pláss að venju. Á nýju keppnisári stefnum við að því að gera skýra og nákvæma verkferla og ítarlegar kröfur móta, til þess að reyna að minnka óþarfa álag á sjálfboðaliða nefndarinnar.

Samantekt á verkefnaálagi

Keppnisárið 2021-2022 var mikið verkefna álag á Tækninefnd í Hópímleikum. Vegna þeirra áhrifa sem covid hafði á samfélagið var tækninefnd endurtekið að breyta og uppfæra mótaskrá og passa að mót henti því ástandi sem var að hverju sinni. Bæði varðandi fjölda iðkenda á mótum og svo þurfti einnig að huga að því að keppendur væri búin að fá góða undirbúning fyrir mótið og var tækninefnd í góðu samstarfi við félög á Íslandi til að fylgjast með því að öll lið væru búin að ná að æfa að almennilega og huga að eðlilegum mótaundirbúningi í keppnislendingar. Sem lausn þá voru sett inn mót í semilendingu ef að ástandið var búin að vera slæmt svo að álag á líkamann væri í takt við hvernig væri búin að æfa undanfarnar vikur.

EM 2021 (2020) fór fram og var lítið álag tengt THF varðandi það mót. Þegar kom að NMJ var verkefnaálag tækninefndar ærið, þar sem mikið mæddi á nefndinni við að finna bestu lausnir við úrtöku liða fyrir mótið, þar sem covid var í miklu hámarki á þeim tíma og við vildum vera viss um að senda þau lið út sem áttu mest erindi á mótið.

Samhliða því þá voru mjög margar undanþágubeiðnir sem bárust til tækninefndar sem hugsa þurfti vel. Flestar undanþágubeiðnir snerust að því þegar að félög höfðu ekki viðeigandi verkefni fyrir keppendur hvort sem það er vegna fötlunar af einhverju tagi eða aldurs. Sett var sú krafa frá THF að félag hafði sannarlega ekki annað verkefni fyrir keppanda áður en undanþága var veitt. Stefnt er að því að bæta verklag í kringum undanþágur á komandi tímabili til að gera ferlið skýrt fyrir félögum og þjálfurum og til þess að minnka álag á nefndina. Tækninefnd nýtti árið 2021 einnig í að undirbúa ný mót sem við vildum bæta við árið 2022 sem heitir Mótarið. Tók undirbúningur þessa móts mikinn tíma til þess að setja allt upp á sem bestan hátt.

Ásamt þessu þá var mikið meira álag á tækninefnd varðandi dómaramál þar sem erfitt var að fá dómara til þess að dæma og svo ofan á það þá voru nýjar reglur í Hópfimleikum sem byrjuðu í janúar 2022. Tækninefnd þurfti því að aðstoða dómara við að sjálflæra reglurnar því það náðist ekki að halda dómaranámskeið og próf áður en keppnistímabilið hófst. Einnig þurfti þá tækninefnd að manna öll dómarasæti fyrir mót þar sem meistaraflokkur og 1.flokkur tóku þátt. Eins og augljóst er eftir upptalningu verkefnalista tækninefndar þá hefur álag verið umtalsvert meira síðasta eina og hálfra árið heldur en hefur verið undanfarin ár. Tækninefnd heldur samt ótrauð áfram og endar keppnistímabilið á því að gera nýjar reglur fyrir hópfimleika á Íslandi og endurbæta mótarið sem er spennandi hugmynd sem mun ná að nýtast íslenskum fimleikum betur á keppnistímabilinu 2023.

Kröfur móta og keppnisreglur yngri flokka

Kröfum móta var haldið óbreyttum frá síðasta ári, utan við aldursflokka í keppni sem voru uppfærðir. Það sama var uppi á teningnum fyrir keppnisreglur yngri flokka, en engar breytingar voru gerðar á reglunum þar sem nýjar evrópskar reglur voru væntanlegar og stefnt að því að gera breytingar á reglum yngri flokka samhliða þeim, fyrir haustið 2022. Nú í maí stefnum við að því að gera mun ítarlegri kröfur móta fyrir næsta vetur, þar sem við setjum niður verklagsreglur fyrir undanþágur, þreföld heljarstökk, áhöld á mótum, dómaramál og fleira sem stundum virðist vera að vefjast fyrir okkur í hreyfingunni og væri gott að hafa niðurnjörvað. Við vonumst til þess að með nýjum, ítarlegum kröfum móta náum við að einfalda alla vinnu, koma upplýsingum betur til félaganna og minnka óþarfa álag á tækninefndina.

Innlend mót

Mótahald keppnistímabilsins 2021-2022 litaðist að einhverju leyti af Covid-19 faraldrinum og takmörkunum honum tengdum. Fella þurfti niður mót haustanna þar sem að samkomutakmarkanir léku okkur grátt og einnig fyrstu mót voranna. Mótahald komst aftur á gott skrið í febrúar með GK móti fyrir elstu flokka og í kjölfarið bikarmóti sem að dreift var yfir tvær helgar. Í mars fór fram fyrsta og eina mótið í nýrri mótarið, sem verður útlistuð betur hér á eftir. Framundan í apríl og maí eru svo Íslandsmót fyrir eldri flokka og vormót fyrir yngri flokka.

Síðustu tímabil hefur það tíðkast að skipta mótum upp á tvær helgar og þá hefur einnig verið gerð tilraun með að hafa mót í stökkfimi samhliða mótum í hópfimleikum fyrir sömu flokka. Nú er svo komið að mót yngri flokka eru orðin það stór að erfitt er að koma þeim fyrir á einni helgi svo að gott sé. Nefndin sér fram á að ræða þessi mál og leggja til breytingar fyrir næsta keppnistímabil til að öruggt sé að allir keppendur fái að njóta sín.

Nýjar reglur Evrópska fimleikasambandsins voru gefnar út síðastliðið haust. Í þessum reglum koma fram töluverðar breytingar á dómgæslu á stökkáhöldum og uppbyggingu einkunnar á gólfi. Þá var einnig ákveðið að keppni á Norðurlandamóti unglunga sem fram fer í apríl færi fram eftir þessum nýju reglum. Því ákvað THF að elstu flokkar, þ.e. 1. flokkur og Meistaraflokkur, myndu keppa eftir nýjum reglum á vorönn. Dómarar voru beðnir um að kynna sér reglurnar vel og haldið var samráðskvöld til að svara óskýrum atriðum og samræma dómgæslu. Elstu flokkarnir kepptu svo eftir reglunum á GK móti, bikarmóti og Mótarið og almennt var mikil ánægja hjá liðum og dómurum með fyrirkomulagið.

Mótariðin

Í vetur var ákveðið að setja inn nýjung í mótaskrána sem nefnist mótarið. Hugmyndina af mótariðinni eiga þau Mads Pind og Tanja Birgisdóttir. Þau í samvinnu við Tækninefnd í hópfimleikum útfærðu framkvæmd hennar fyrir tímabilið.

Mótariðin samanstendur af þremur hópfimleikamótum sem verður dreift yfir vorönnina. Liðin safna stigum yfir þessi þrjú mót og einungis eru veitt verðlaun á lokamótinu.

Keppt er eftir code of points, reglum fyrir unglunga og eru lendingar í semi-lendingu. Liðin samanstanda af 6-12 keppendum sem mega vera 13 ára á árinu eða eldri og ekki er unnið með frekari aldursskiptingu. Keppt er í þremur kynjaflokkum; kvenna, karla og flokki blandaðra liða. Keppendur geta ekki keppt við sjálfa sig og mega því aðeins keppa með einu liði í hverjum kynjaflokki á mótinu. Að lágmarki 6 keppendur keppa á hverju áhaldi og að hámarki 12 en það er frjálst að skipta keppendum inn og út á milli áhalda sem þýðir að einhverjir keppendur gætu keppt einungis á gólfi, einungis á dýnu eða einungis á trampólíni. Ekki er þörf að keppa á öllum áhöldum en liðin safna stigum fyrir gengi á hverju áhaldi. Liðin safna stigum og eru veitt stig fyrir hvert áhald sem og samanlagðan árangur. Nánar um stigagjöf og reglur er hægt að sjá á heimasíðu Fimleikasambandsins.

Markmið með mótariðinni er að leyfa fleiri iðkendum að fá keppnisreynslu, ýta undir möguleikann á að prófa ný stökk í keppni og leyfa fleiri keppendum að njóta sín á keppnisgólfinu og eru þjálfarar hvattir til þess að setja saman allskonar lið og leyfa öllum að taka þátt. Á síðasta móti mótaraðarinnar er hugmyndin að velja í „All-star“ lið ásamt því að veita verðlaun fyrir stigahæstu liðin í hverjum flokki á áhöldum og í samanlögðum stigum.

Á þessu tímabili var ákveðið að prufukeyra mótariðina og hafa tvö mót – kynna þetta fyrir keppendum og þjálfurum. Því miður þurfti að fella niður fyrra mótið vegna Covid-19 sem átti að fara fram í Stjörnunni í Garðabæ í lok janúar en ákveðið var að halda skipulagi með seinna mótið sem var skráð á Akureyri í mars. Það náðist að keyra seinna mótið og gekk það vel þar sem 16 lið frá 9 félögum tóku þátt. Mikil ánægja var með mótið og skapaðist skemmtileg stemning í kringum það og ferðalagið norður. Vonandi verður hægt að framkvæma þessa hugmynd til fulls á næsta tímabili, með þremur mótum og kynningu á All-stars liði í lokin.

EM 2021 (2020)

Evrópumótið í hópfimleikum 2021 var haldið í Guimares Portúgal. Mótið átti upphaflega að fara fram í Kaupmannahöfn 2020 en var frestað sökum kórónuveirufaraldurs. Veiran setti strik sitt á mótið en strangar kröfur er varðar sóttvarnir voru viðhafðar á mótinu.

Undirbúningur fyrir mótið hófst fljótlega eftir Evrópumótið 2018. Yfirþjálfarar verkefnisins voru Björn Björnsson og Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir. Markmiðið var að halda verkefninu gangandi á milli Evrópumóta. Landsliðsþjálfarar voru ráðnir á hvert lið. Í kjölfar úrtökuæfinga voru valdir úrvalshópar sem hittust reglulega og landsliðsþjálfarar gátu fengið meiri tíma með iðkendum en þekkst hefur áður.

Heimsfaraldur kórónuveiru hafði stór áhrif á verkefnið en líkt og minnst hefur verið á þá var mótinu frestað í tvígang og kjölfar af því var verkefnið sett á biðstöðu. Þegar ljóst var að mótið myndi fara fram í desember voru þjálfarateymi á liðin valin. En þjálfarar á liðunum voru:

- **Yfirþjálfarar:** Björn Björnsson og Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir
- **Kvennalið:** Ásta Þyrí Emilsdóttir, Daði Snær Pálsson, Karen Sif Viktorsdóttir og Þorgeir Ívarsson
- **Karlalið:** Erla Rut Mathiesen, Mikkel Schertz og Tomas Bekkavik
- **Stúlknalið:** Björk Guðmundsdóttir, Magnús Óli Sigurðsson og Una Brá Jónsdóttir
- **Blandað lið unglunga:** Benedikt Rúnar Valgeirsson, Katrín Pétursdóttir og Ragnar Magnús Þorsteinsson

Úrtökuæfingar voru haldnar vorið 2021 en vegna veirunnar voru þær með breyttu sniði. Í stað þess að iðkendur kæmu saman á æfingu þá voru þeirra æfingar framkvæmdar í félögum og myndbönd send inn til landsliðsþjálfara. Landsliðshópur var að loknum æfingum myndaður og var þeirra fyrsta verkefni saman hópeflisferð á Akranes þar sem áherslan var að iðkendur myndu kynna áður en eiginlegar æfingar myndu hefjast. Karlaliðið endurtók fimleikahringinn sem tókst með endæmum vel og var

hápunkturinn þegar allir landsliðshópar sýndu á lokasýningunni í Ásgarði og jafnframt landsliðshóparnir kynntir fyrir áhorfendum.

Æfingar hófust síðan í ágúst, en landsliðin æfðu 4 æfingahelgar saman í ágúst og september en frá 1. október æfðu landsliðin alveg saman fram yfir Evrópumót.

Stuðningsteymi var til staðar í verkefninu. Hreiðar Haraldsson var íþróttasálfræðiráðgjafi. Sjúkrþjálfarar liðanna voru Ásdís Guðmundsdóttir, Kristín Gísladóttir og Þórdís Ólafsdóttir. Í svokölluðu digitalteymi voru Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir og Helga Svana Ólafsdóttir. Dómarar í ferðinni voru Íris Svavarsdóttir, Olga Bjarnadóttir og Yrsa Ívarsdóttir. Fararstjóri í ferðinni var Edda Dögg Ingibergsdóttir og henni innan handar var Þórey Kristinsdóttir.

Liðin komust öll örugglega á úrslit og bættu öll liðin sína frammistöðu frá undanúrslitadeginum á sjálfum úrslitadeginum. Íslensku liðin enduðu öll á palli og varð niðurstaðan eftirfarandi:

- Kvennalið 1. sæti og Evrópumeistarar
- Karlalið 2. sæti
- Stúlknalið 2. sæti
- Blandað lið unglunga 3. sæti.

Frammistaða liðanna var öll til fyrirmyndar en var þetta í fyrsta skipti sem að karlalið Íslands á Evrópumóti nær sæti á palli. Íslenska kvennaliðið náði 1. sætinu en sú niðurstaða náðist seinast 2012. Stúlknaliðið var hársbreidd frá því að tryggja sér 1. sæti en einungis munaði 0,1 stigi á íslenska liðinu og því sænska. Blandað lið unglunga var einnig nálægt 2. sætinu en munaði þá 0,7 stigum á því íslenska og því sænska. Verkefnið í heild sinni var því einstaklega vel heppnað og verður áhugavert að fylgjast með íslensku liðnum fylgja eftir þessari frammistöðu en næsta Evrópumót fer fram í september og stefnir Ísland að því að senda 6 lið til keppni þar.

NMJ 2022 - úrtaka og keppni

Norðulandamót Unglinga var haldið í Danmörku í bænum Randers 9. apríl 2022. Sex lið á Íslandi skráðu sig í úrtökur fyrir Norðurlandamótið og voru það Stjarnan, Gerpla og Fjölnir í stúlknaflökki og Keflavík, Gerpla og Höttur í blönduðum flokki. Upphaflega áttu GK-mót í febrúar og Bikarmót í mars að vera úrtökumót og stigahæðstu liðin að fara á NMJ. Þá áttu liðin að fá 7 stig fyrir 1. sæti, 5 stig fyrir 2. sæti, 4 stig fyrir 3. sæti og 3 stig fyrir 4. sæti en vegna ástandsins í þjóðfélaginu þá breyttist planið. Í byrjun árs 2022 var Covid faraldurinn ennþá að ná hámarki eftir að Omikron afbrigði kom til landsins rétt fyrir áramót. Fyrsta mót annarinnar var fellt niður vegna ástandsins og fólk að enda í sóttkví og einangrun og þess vegna nauðsynlegt fyrir tækninefnd að finna lausn á öllum mögulega vandræðum sem lið gætu lent í svo að úrtaka fyrir Norðurlandamótið yrði sem sanngjörnt. Mikið var lagt uppúr því að hafa sem mesta og besta samvinnu við liðin sem voru að taka þátt í úrtökunni og því mikið samtal við þjálfara liðanna sem átti sér stað í öllu þessu ferli. Var ákveðið að GK-mót yrði tekið út sem úrtaka þar sem að því móti var breytt í semi-dýnu lendingar til þess að passa uppá álag á keppendum. Var þá Bikarmót sett í staðinn sem eina úrtökumótið og liðin sem lentu í 1. sæti og 2. sæti á því móti liðin sem unnu sér inn rétt á Norðurlandamóti Unglinga. Til þess að vera viðbúin öllum aðstæðum sendi tækninefnd út mjög nákvæmar leiðbeiningar til allra liða sem voru að reyna að komast inná NMJ um video upptökur af keppnisrennsli. Öll lið töku þá upp video af á öllum áhöldum með nákvæmum tímum á milli áhaldna og allt sett upp eins og mót og umferðir voru gerðar í keppnislendingu. Kom einnig aðili frá tækninefnd og var viðstaddur á meðan á upptökunni stóð til að allt yrði gert samkvæmt reglum. Þessar upptökur voru gerðar til að hafa til taks ef að eitt lið af þeim sem voru að keppast um sæti myndu lenda í þeim aðstæðum að 4 eða fleiri væri í sóttkví/einangrun á keppnisdegi. Yrði þá videoið dæmt af dómurum í staðinn fyrir Bikarmót og lið valin út frá myndböndunum. Sem betur fer þá fór allt á besta veg og náðu

Öll lið að keppa á Bikarmóti. Fjögur lið frá Íslandi tóku þátt á mótinu og voru það stúlknalið frá Gerplu og Stjörnunni og blönduð lið frá Hetti og Gerplu.

Öll lið stóðu sig frábærlega á mótinu og var gaman að fylgjast með blönduðu liðunum spreyta sig en langt er síðan að Ísland náði að senda blandað lið inn á Norðurlandamót Unglinga. Mótið í stúlknaflokki endaði þannig að stúlknalið Gerplu lenti í 5.sæti og Stjarnan lenti í 7.sæti. Keppni blandaðs flokks endaði með Gerplu í 4.sæti og Höttur endaði í 6.sæti. Fararstjórar í ferðinni voru Edda Dögg Ingibergsdóttir og Fjóla Prastardóttir. Dómarar á mótinu voru Helga Svana Ólafsdóttir, Íris Svavarsdóttir, Olga Bjarnadóttir og Sólveig Jónsdóttir.

Dómaramönnun

Illa hefur gengið að manna dómara á mótunum í vetur. Ítrekað hafa félög ekki skilað réttum fjölda dómara sem þeim ber og hefur tækninefnd því þurft að auglýsa eftir dómurum þegar ekki nægjanlegur fjöldi hefur náðst. Ein af forsendum mótahalds er að það séu dómarar til að dæma keppnina og til að hún fari sem sanngjörnt fram. Því hefur verið ákveðið að virkja dómarasektir á þau félög sem ekki skila réttum fjölda dómara á mót til að ýta við að félög sinni betur dómaramönnun. Þó ber að nefna að langur tími hefur liðið frá seinasta dómaramóti og er það von tækninefndar að með nýju dómaramóti sem fram fer í haust að félögin skrái talsverðan fjölda þátttakenda á sínum vegum til að skila inn á mót.

Í ár tók tækninefnd að sér að manna dómara á fyrstu mótin eftir breytingar á reglum, þeas Mótariðina og Bikarmót fullorðinna. Þá sá tækninefnd að venju um að manna dómaraastöður fyrir Íslandsmót í hópfimleikum. Við erum mjög þakklát fyrir það hversu vel dómarar tóku í beiðnina okkar og voru tilbúnir til að dæma eftir nýjum reglum, þrátt fyrir að hafa ekki setið námskeið.

Þreföld heljarstökk

Að vanda voru fjölmörg þreföld heljarstökk samþykkt og það er ánægjulegt að fylgjast með þróuninni sem er í gangi og auknum erfiðleika fimleikamanna. Í ár voru samþykkt heljarstökk í Stjörnunni og á Akureyri. Við höfum verið liðleg með umsóknarfrest og óformlegar umsóknir en stefnum að því að reyna að gera fyrirkomulagið betra með nýjum kröfum móta í haust.

Stökkfimi

Keppnisreglur í stökkfimi hældust óbreyttar. Í mars voru þó gerðar smávægilegar breytingar til þess að gera keppnina sanngjarnari og svo er stefnt að breytingum í haust, samhliða breytingum á reglum í hópfimleikum.

Tilnefningar fyrir uppskeruhátíð

Tilnefningar frá THF vegna fimleikafólks ársins 2021

Tækninefnd tilnefndi þrjár konur til fimleikakonu ársins, fjóra karla til fimleikakarlar ársins, eitt lið til lið ársins og tvö afrek til afrek ársins. Fimleikakona ársins er Kolbrún Þöll Þorradóttir, fimleikakarlar ársins er Helgi Laxdal Aðalgeirsson, lið ársins er íslenska kvennalandsliðið í hópfimleikum og afrek ársins voru öll landsliðin sem náðu á verðlaunapall á Evrópumótinu í Portúgal 2021. Hér fyrir neðan má sjá nánar um tilnefningar frá Tækninefnd og afhverju.

Tilnefning til fimleikakonu ársins:

- Kolbrún Þöll Þorradóttir – hún var á árinu Íslands- og Bikarmeistari með liði sínu ásamt því að vera lykilmannskja í íslenska kvennalandsliðinu í hópfimleikum sem urðu Evrópumeistarar í Portúgal. Kolbrún

keppti í öllum umferðum og var með hæstan erfiðleika í kvennalandsliðinu. Hún var valin í úrvalsið Evrópumótsins „All stars“ liðið en hún hefur verið valin í það lið á síðustu 4 Evrópumótum. Kolbrún var fyrsta konan til þess að keppa með tvöfalt strekkt heljarstökk með þremur og hálfri skrúfu á Evrópumóti og sýndi hún það glæsilega stökk aftur á Evrópumótinu 2021 við mikinn fögnuð áhorfenda. Hún er fimleikakona á heimsmælikvarða sem tekið er eftir á öllum mótum, bæði innanlands sem utan.

Fimleikakona ársins 2021 er Kolbrún Þöll Þorradóttir

- Ásta Kristinsdóttir – hún keppti á sínu þriðja Evrópumóti í desember 2021 þar sem hún stökk í öllum umferðum bæði í úrslitum og undanúrslitum. Ásta hefur verið í stöðugum framförum síðastliðin ár og er farin að vekja eftirtekt fyrir vel framkvæmd stökk með háum erfiðleika ásamt því að sýna mikla útgeislun á dansgólfinu. Ásta var valin í úrvalsið á Evrópumótinu „All Stars“ fyrir æfingar sínar á gólfi. Hún var lykilmanneskja með liði sínu á mótum vetrarins og varð Íslands og Bikarmeistari á árinu. Hún er mikil fyrirmynd í salnum, leggur hart að sér til að verða betri og er jákvæð svo eftir er tekið.

Í öðru sæti sem fimleikakona ársins er Ásta Kristinsdóttir

- Andrea Sif Pétursdóttir – var fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins á Evrópumóti 2021 þar sem liðið vann Evrópumeistaratitil. Andrea Sif sinnti hlutverki sínu sem fyrirliði af kostgæfni og miðlaði mikilvægri reynslu sinni til liðsins en hún var að keppa á sínu sjötta Evrópumóti. Andrea er ein af okkar færustu fimleikakonum þar sem hún stekkur erfiðustu stökkin í landsliðunum og er að auki með þeim sterkustu í dansmómentum. Andrea var á árinu Íslands- og Bikarmeistari með liði sínu og hefur sýnt vel hvað einkennir góða fimleikakonu bæði innan vallar sem utan.

Í þriðja sæti sem fimleikakona ársins er Andrea Sif Pétursdóttir

Tilnefningar til fimleikakarls ársins:

- Helgi Laxdal Aðalgeirsson varð með liði sínu Íslands- og Bikarmeistari á árinu. Hann hefur vakið athygli fyrir mikla útgeislun á dansgólfinu fyrir mikla útgeislun og skilar dansinum vel frá sér ásamt því að vera með góða stjórn á líkamanum í öllum dansmómentum. Helgi er einnig framúrskarandi stökkvari og keppir jafnan í öllum umferðum með liði sínu. Hann var lykilmáður í karlalandsliði Íslands á Evrópumótinu í Portúgal þar sem hann keppti með mestan erfiðleika innan síns liðs og má þar nefna að hann var fyrstur í heimi til að keppa með framseríuna skrúfa-kraftstökk-tvöfalt strekkt heljarstökk með tveimur og braut þar með blað í fimleikasögunni. Einnig keppti hann með stökk á trampólíni og hesti sem eru á pari við allra bestu fimleikamenn heims í erfiðleika. Karlalandsliðið lenti í 2. sæti á mótinu sem er virkilega góður árangur og átti Helgi stóran þátt í því.

Fimleikamaður ársins 2021 er Helgi Laxdal Aðalgeirsson

- Einar Ingi Eypórsson er fimleikamaður í fremstu röð. Hann hefur lengi verið einn af bestu fimleika mönnum Íslands og sýndi snemma færni í flóknum stökkum. Einar var á árinu Íslands- og Bikarmeistari með liði sínu ásamt því að keppa með íslenska karlalandsliðinu á Evrópumótinu í Portúgal þar sem hann var einn af lykilmönnum liðsins á öllum áhöldum. Hann er óhræddur við að framkvæma ný stökk og stekkur með erfiðustu stökkum sem landsliðið keppir með og má þar nefna að hann keppir með þrefalt heljarstökk með tveimur og hálfri skrúfu á trampólíni. Einar lenti í 2. sæti með karlalandsliðinu á Evrópumótinu sem er frábær árangur og átti hann stóran þátt í að koma liðinu þangað.

Í öðru sæti sem fimleikamaður ársins er Einar Ingi Eypórsson

- Viktor Elí Sturluson keppti með landsliðinu á Evrópumótinu 2021 þar sem hann sýndi meðal annars stökkið yfirlag tvöfalt heljar með hálfri skrúfu ásamt Helga Laxdal og voru þeir einu íslensku karlarnir með það stökk í keppninni. Einnig keppti hann með streit-krafstökk-tvöfalheljar með strekktum líkama og einni og hálfri skrúfu með góðri framkvæmd. Viktor lagði sig allan fram á mótinu þrátt fyrir erfið meiðsli og átti stóran þátt í silfur árangri karlalandsliðsins.

Í 3.-4. sæti sem fimleikamaður ársins er Viktor Elí Sturluson

- Júlían Máni Rakelarson var með sínu félagliði Íslands- og Bikarmeistari á árinu ásamt því að keppa með karlalandsliðinu á Evrópumótinu í Portúgal. Hann keppti með stökk með háum erfiðleika en Júlían hefur náð miklum framförum í að framkvæma stökk með háum erfiðleika á síðustu árum. Hann varð fyrir því óhappi að meiðast í miðjum dansi í úrslitum á Evrópumótinu. Hann náði að dansa þar til hann taldi sig vera búinn að skila eins miklu og hann gæti fyrir liðið sitt og steig svo út af dansgólfinu til þess að koma í veg fyrir að liðið fengi frádrátt fyrir að hann næði ekki að framkvæma dansæfingar á þann hátt sem hann átti að gera. Hann tók því skynsama ákvörðun á ögurstundu sem átti þátt í því að liðið hampaði silfur verðlaunum á þessu fyrsta Evrópumóti sem þeir kepptu á.

Í 3.-4. sæti sem fimleikamaður ársins er Júlían Máni Rakelarson

Tilnefningar fyrir lið ársins:

- Íslenska kvennalandsliðið í hóp fimleikum sem voru Evrópumeistarar 2021. Liðið keppti á Evrópumótinu í Portúgal í desember 2021. Eftir undanúrslitin var liðið í 2. sæti. 950 stigum á eftir Svíþjóð. Á úrslita daginn sýndu þær úr hverju þær eru gerðar og gerðu sér lítið fyrir og urðu Evrópumeistarar, með jafnmörg stig og Svíþjóð en sigur á fleiri áhöldum. Íslenska liðið sigraði á gólfi og trampólíni enda með hnökralaust trampólín og stórkostlegan dans. Það var mikil útgeislun hjá þeim á dansgólfinu og þær voru öruggar og tilbúnar í öllum stökkum. Liðið samanstendur af virkilega frambærilegum fimleikakonu sem hafa lagt mikið í sölurnar síðustu ár og unnið mjög hart að þessum titli sem þær áttu svo sannarlega skilið.

Lið ársins er íslenska kvennalandsliðið í hóp fimleikum.

Tilnefningar fyrir afrek ársins:

- Árangur íslenska karlalandsliðsins í fimleikum á Evrópumóti. Í fyrsta skipti var ákveðið að vera með íslenskt karlalandslið og látið á það reyna þrátt fyrir fáa fimleika karla í hóp fimleikum. Áföllin dundu á liðinu vikunum fyrir mót þegar tveir af þeirra sterkustu stökkvurum meiddust og ljóst að þeir myndu ekki ná bata fyrir mótið. Þá var brugðið á það ráð að hringja út liðsmenn sem höfðu dottið út úr ferlinu fyrr í verkefninu og fá þá inn í liðið. Liðið náði 8 manns í lið ásamt tveimur varamönnum sem voru þó báðir að jafna sig á meiðslum og mátti því ekkert út af bregða. Liðið lenti í enn einu áfallinu á keyrslumóti þremur vikum fyrir mót þar sem einn liðsmaðurinn fótbrotnaði. Liðið hélt þó ennþá ótrautt áfram og hafði það að markmiði að ná 3. sæti á mótinu. Karlalandslið Íslands vakti mikla eftirtekt á mótinu fyrir frábæra frammistöðu, hrein stökk og mikinn erfiðleika sem skilaði þeim 2. sæti í undanúrslitum. Liðið náði að halda 2. sætinu í úrslitum þrátt fyrir að einn lykil liðsmaður hafi þurft að hætta að dansa í miðjum dansi vegna meiðsla og náði ekki að klára keppni á dýnu. Liðið náði að skila hreinum umferðum á dýnunni sem skilaði þeim 2. sæti á Evrópumótinu, í fyrsta skipti sem liðið tók þátt.

Aftek ársins: frammistaða íslenska karlalandsliðsins á Evrópumótinu í hóp fimleikum

***skrifstofa FSÍ breytti afreki ársins í að öll lið sem lentu á palli á Evrópumótinu í Portúgal 2021 væru afrek ársins.**

- Valgerður Sigfinnsdóttir, fyrst kvenna á Íslandi til að keppa með þrefalt heljarstökk á móti. Lengi hafa karlar keppt með þreföld heljarstökk en konur hafa hingað til ekki keppt í því, hvorki á Íslandi né Evrópumóti. Valgerður náði þeim frábæra árangri að keppa með þrefalt heljarstökk með hálfri skráfu í vor, með góðri framkvæmd og miklu öryggi. Þar bratu hún blað í sögu íslenskra fimleika og er að okkar mati afrek.

Í öðru sæti fyrir afrek ársins er Valgerður Sigfinnsdóttir

Nýjar reglur / dómaramámskeið / dómarakvöld

Eins og áður hefur komið fram gaf Evrópska fimleikasambandið út nýjar keppnisreglur á haustmánuðum 2021. Þar sem ákveðið var að keppa eftir nýju reglunum á Norðurlandamóti unglunga í apríl ákvað THF að 1. flokkur og Meistaraflokkur myndu keppa eftir reglunum til að mæta betur undirbúin til leiks á þau erlendu verkefni sem framundan eru. Almenn ánægja var á meðal þjálfara með ákvörðunina, en þó var óhentugt hvað ákvörðunin kom seint. Það kom til af þeirri ástæðu að verið var að bíða eftir dagsetningu á alþjóðlegu dómaramámskeiði, svo við ættum dómara sem gætu stýrt dómgæslu á þessum stóru mótum. Dómaramámskeiðið var ekki auglýst fyrr en í janúar svo við þurftum að taka ákvörðun um að hefja dómgæslu eftir þessum reglum þó að við værum ekki með menntaða dómara.

Þar sem ekki var unnt að halda dómaramámskeið fyrir innlenda dómara þar sem alþjóðlegt dómaramámskeið var ekki áætlað fyrr en eftur fyrstu mótin okkar á var tekin ákvörðun um að reyndir dómamarar myndu sjálfir kynna sér ítarlega breytingar á reglunum. Áður en að fyrsta móti kom var haldið dómarakvöld þar sem að breytingar voru ræddar og öll vafamál tekin fyrir og ákveðin stefna í þeim atriðum. Var fundurinn tekinn upp fyrir þá sem ekki höfðu tök á að koma.

Í febrúar fóru fjórir alþjóðlegir dómamarar á námskeið í endurnýjun, en fjórir aðrir eru skráðir á námskeið í maí og stefnt er að því að senda þrjá nýja dómara á námskeið í janúar. Fyrir Íslandsmót sem fram fer í lok apríl, koma dómamarar til með að hittast á lengdum dómarafundi eða á dómarakvöldi til þess að stilla saman strengi og taka umræðu um vafaatriði, svo öll dómgæsla verði sem best. Dómgæsla á mótum vetrarins gekk vonum frammar og viljum við í THF þakka kærlega þeim dómurum sem að tóku þetta verkefni að sér.

Því miður tókst ekki að halda dómaramámskeið í mars eins og vonir stóðu til um en stefnt er á að halda dómaramámskeið á haustmánuðum 2022.

Tækninefnd áhaldafimleika karla

Í tækninefnd í áhaldafimleikum karla fyrir starfsárið 2021-2022 sátu eftirfarandi einstaklingar:

- Sigurður Hrafn Pétursson, formaður, alþjóðlegur dómari
- Daði Snær Pálsson, varaformaður, alþjóðlegur dómari
- Eva Hrund Gunnarsdóttir, ritari, E dómari og tengiliður inn á skrifstofu
- Anton Heiðar Þórólfsson, meðlimur, alþjóðlegur dómari
- Hróbjartur Pálmar Hilmarsson, meðlimur, D dómari

Tækninefnd mótar stefnu FSÍ í áhaldafimleikum karla, leggur grunn að jákvæðri ímynd fimleika og stuðlar að bættum árangri iðkenda. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem stjórn FSÍ felur henni. Nefndin sér um að mennta dómara og endurskoða og endurmeta íslenska fimleikastigann. Nefndin aðstoðar skrifstofu við skipulag og uppsetningu á mótaskipulagi.

Verkefni á árinu

- Ólympíuleikar 2021
- Norðurlandamót unglunga 2021 í fjarkeppni

Landsliðsþjálfarar

- Róbert Kristmannsson
- Alek Remezanpour, hæfileikamótun drengja

Breytingar á greininni á árinu

- Nýr Code of points gefinn út
 - i.FIG hélt dómaramámskeið og próf á netinu og við fjölguðum alþjóðlegum dómurum úr 6 í 10. Þeir eru:
 1. Anton Þórólfsson
 2. Alexander Jens Ásgeirsson
 3. Björn Magnús Tómasson
 4. Daði Snær Pálsson
 5. Davíð Ingason
 6. Guðmundur Brynjólfsson
 7. Sigurður Hrafn Pétursson
 8. Þórir Arnar Garðarsson
 9. Þorsteinn Hálfðanarson
- Nýr Íslenskur fimleikastigi gefinn út í framhaldi. Haldnir voru vinnufundir með þjálfurum einsog gert var með síðasta stiga og hugmyndir úr könnun sem TK sendi út voru notaðar til hliðsjónar við æfingaval. Góður árangur náðist á vinnufundunum og þjálfarar fengu að hafa áhrif á uppsetningar á þrepunum. Nefndin bjó til myndbönd af öllum þrepum stigans sem keppt er í á mótum FSÍ og þakkar þeim fimleikamönnum sem sýndu æfingarnar. Á fyrstu mótum eftir að nýr stigi er tekinn í notkun koma yfirleitt fram hnökrar og var rætt við dómara og þjálfara eftir hvert mót sem hefur verið haldið á tímabilinu til að reyna að stilla saman strengina í þrepunum.

Innlend mót

- Íslandsmót 20. - 21.mars 2021
- GK meistaramót 23.maí 2021
- Íslandsmót í 1.-3.þrepi 22. maí 2021
- Þrepamót 3 í 4.-5.þrepi 30.maí 2021
- Þrepamót 1 4.-5.þrep 6.nóv 2021
- Þrepamót 2 í 4.-5.þrepi 5.febrúar 2022

Erlend verkefni

- Evrópumót einstaklinga 22.apríl 2021 í Basel Sviss. Martin Bjarni, Jónas Ingi, Valgarð og Jón fóru sem keppendur. Þjálfari var Róbert Kristmannsson og dómari var Daði Snær Pálsson
- Berlin Cup 2021, 1. - 5.júní 2021. Dagur Kári Ólafsson, Lúkas Ari Ragnarsson, Sigurður Ari Stefánsson og Stefán Máni Kárasón kepptu á mótinu. Daði Snær Pálsson dæmdi mótið fyrir Íslands hönd. Þjálfarar voru Róbert Kristmannsson, Viktor Kristmannsson, Hróbjartur Pálmar Hilmarsson og Ólafur Garðar Gunnarsson. Dagur endaði í 3.sæti á tvíslá
- Ólympíuleikarnir 2021 í Tókyó í lok júní, byrjun ágúst. Björn Magnús Tómasson var valinn af Alþjóðlega fimleikasambandinu, FIG, til að dæma á leikunum, sem er einn mesti heiður sem fimleikadómurum hlotnast.
- Heimsmeistaramót í Kitakyushu Japan, 18.-24.október. Keppendur voru Jón Sigurður Gunnarsson, Jónas Ingi Þórisson, Martin Bjarni Guðmundsson, Valgarð Reinhardsson. Jón náði hæstu erfiðleikaeinkunn sem íslenskur fimleikamaður hefur sýnt á hringjum. Enginn dómari komst á mótið.
- Norðurlandamót unglinga átti að fara fram í fjarkeppni í lok maí 22. - 23.maí 2021, en fór fram 29. - 30. október í fjarkeppni. Keppendur voru Ari Freyr Kristinsson, Dagur Kári Ólafsson, Davíð Goði Jóhannsson, Lúkas Ari Ragnarsson, Sigurður Ari Stefánsson. Þjálfarar voru Róbert Kristmannsson, Viktor Kristmannsson, Hróbjartur Pálmar Hilmarsson og Ólafur Garðar Gunnarsson. Dagur Kári varð Norðurlandameistari á bogahesti og svifrá, Sigurður Ari náði 3.sæti á gólfi og stökki. Landsliðið náði 2.sæti í liðakeppninni. Dómarar voru Björn Magnús Tómasson, Guðmundur Þór Brynjólfsson og Sigurður Hrafn Pétursson.
- Norður-Evrópumót í Wales, 11.-14.nóvember 2021. Keppendur voru Dagur Kári Ólafsson, Jón Sigurður Gunnarsson, Jónas Ingi Þórisson, Martin Bjarni Guðmundsson, Valgarð Reinhardsson. Jónas Ingi náði 3.sæti á gólfi og komst í úrslit á stökki, 6.sæti og svifrá, 7.sæti. Jón náði 4.sæti á hringjum og Martin endaði í 6.sæti á svifrá. Dómari var Davíð Ingason
- Apparatus World Cup mótaröðin 2022, Jón Sigurður Gunnarsson keppti á hringjum í Cottbus, Þýskalandi þann 23.febrúar og endaði í 15.sæti, svo Doha, Qatar þann 2.mars og endaði í 13.sæti. Og síðast í Cairo, Egyptalandi, þann 17.mars þar sem hann endaði í 20.sæti. Þjálfari var Yuriy Shalimov, Helga Svana Ólafsdóttir fór sem fararstjóri og Björn Magnús Tómasson fór sem dómari til Cottbus.

Fundir

- Íslenski fimleikastiginn
- Dómaraundirbúningur undir alþjóðlegt próf

Hvað er framundan

- Berlín Cup
- Íslandsmót í þrepum á Akureyri
- GK Meistaramót
- Bikarmót í maí
- Íslandsmót í júní
- Norðurlandamót á Íslandi í byrjun júlí
- EYOF í Slóvakíu í lok júlí
- Evrópumót um miðjan ágúst í Þýskalandi

Annað

- Tækninefnd karla þakkar nefndarfólki í tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna FSÍ og fræðslunefnd FSÍ sem og starfsfólki skrifstofu fyrir gott samstarf.
- Nefndin vill að lokum koma fram þökkum til allra þeirra sem lögðu henni lið á tímabilinu, en góð samskipti og samvinna aðildarféлага og starfsfólks skrifstofu við nefndir FSÍ er lykillinn að farsælu starfi hreyfingarinnar.
- Formaður þakkar nefndarmönnum samstarfið þetta tímabil

Tækninefnd áhaldafimleika kvenna

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum 2020-2021

Auður Ólafsdóttir - Formaður

Sandra Matthíasdóttir- Varaformaður

Hildur Ketilsdóttir - Ritari

Eir Andradóttir - Meðstjórnandi

Ragna Þyri Ragnarsdóttir - Meðstjórnandi

Þorbjörg Gísladóttir-starfsmaður skrifstofu

Tækninefnd kvenna í áhaldafimleikum (TKV) hefur yfirumsjón með mótahaldi og keppnisfyrirkomulagi í íslenska fimleikastiganum og frjálsum æfingum. Ásamt því að sinna menntun dómara og niðurröðun þeirra á verkefni hérlendis og erlendis.

Mótahald innanlands

Mótatímabilið 2020-2021 litaðist mjög af Covid-19 þar sem fella þurfti niður allt mótahald á haustönn 2020 Mótahald vorannar gekk með ýmsum takmörkunum en að lokum náðist þó að halda öll mót sem voru á upphaflegri dagskrá. Keppni gekk vel og þrátt fyrir lokanir v. Covid náðist ágætis árangur.

Í þrepum var gerð sú breyting vegna Covid að á Íslandsmóti í þrepum og fengu allir þeir sem keppt höfðu í þrepi á tímabilinu leyfi til að keppa á því móti.

Í frjálsum æfingum var GK-meistaramót sameinað við Íslandsmót í þrepum þar sem helgar tímilsins voru ekki nægilega margar til að koma til móts við alla.

Á öllum mótum voru aðeins verðlaunahafar kallaðir upp vegna fjölda og nálægðar takmarkana og gekk það vel.

Allar breytingar/aðlaganir komu vel út og í skoðun er hjá TKV hvort ekki sé hægt að nýta eitthvað áfram þrátt fyrir að Covid sé að ljúka.

Met fjöldi var í keppni í 4.-5.þrepi en þetta var síðasta keppnistímabilið í þessum íslenska fimleikastiga en nýr stig verður innleyddur haust 2021

Innlend mót sem voru á dagskrá veturinn 2020 - 2021

Haustmót í 1. - 3. þrepi og frjálsum æfingum. Fellt niður

Þrepamót I - 4 og 5 þrepi.Fellt niður

Þrepamót 1. - 3. þrep.

Þrepamót II - 4. og 5. þrep.

Bikarmót FSÍ 1. - 3. þrep og frjálssar æfingar.

Þrepamót III - 4. og 5. þrepi -

Íslandsmót í 1. - 3. þrepi

Íslandsmót í frjálsum

GK meistaramót

Erlend mót

Keppnistímabilið 2020-2021 litaðist mjög af Covid. 4 konur keppt þó á Evrópumót sem fram fór í Sviss og þrátt fyrir ástandið náðist mjög góður árangur

F.h. Tækninefndar kvenna (TKV)

Auður Ólafsdóttir

Formaður